

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

53. fundur –24. júní 2002

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, þriðjudaginn 24. júní 2002, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 16:00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Loftur Þór Pétursson mætti í stað Svölu Jónsdóttur. Gestur Pétursson mætti til fundar í upphafi 5 liðar.

Jón Bjarni Þorsteinsson stýrði fundi þar til formaður hafði verið kjörinn.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Skipan heilbrigðisnefndar.

Samkvæmt 6. gr. samstarfssamnings um heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópa-vogssvæðis frá 22. febrúar 1999 hafa eftirtalin verið valin til setu í heilbrigðisnefnd:

Frá Garðabæ

Aðalmaður Jón Bjarni Þorsteinsson.
Varamaður Sigurveig Sæmundsdóttir.

Frá Hafnarfjarðarkaupstað

Aðalmenn Sigurgeir Ólafsson
Árni Sverrisson
Varamenn Páll Árnason
Hafsteinn Þórðarson

Frá Kópavogsbæ

Aðalmenn Andrés Pétursson
Svala Jónsdóttir

Varamenn
(kosningu frestað)
Loftur Þór Pétursson

Tilnefning áheyrnafulltrúa af sveitarstjórn Bessastaðahrepps hefur ekki farið fram.

Samkvæmt 1. gr laga nr. 59/1999 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengun-arvarnir nr. 7/1998 er Gestur Pétursson tilnefndur í nefndina af samtökum atvinnurek-enda á eftirlitssvæðinu og Örn Sigurðsson sem varamaður.

2. Kosning formanns til tveggja ára.

Andrés Pétursson var valin sem formaður til tveggja ára.

3. Kosning varaformanns til tveggja ára

Sigurgeir Ólafsson var valin sem varaformaður til tveggja ára.

4. Fundargerð 52. fundar heilbrigðisnefndar.

Samþykkt

5. Fundargerð 44. starfsmannafundar frá 18. júní 2002.

5.1 Starfsleyfi.

5.1.1 Akralind 7, Kópavogi - trésmiðja.

Lögð fram umsókn Sigurðar G. Sigfússonar f.h. Listans kt: 690300-3620, dags. 21. maí 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðju að Akralind 7, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

5.1.2 Auðbrekka 1, Kópavogi - heildsala með vörur sem innihalda hættuleg efni.

Lögð fram umsókn Gunnlaugs Bjarnasonar f.h. Íslakks ehf. kt: 570801-2010, dags. 13. maí 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildsölu með lakkvörur að Auðbrekku 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

5.1.3 Bryggjuvör 3, Kópavogi - veisluþjónusta.

Lögð fram umsókn Ásgeirs Helga Erlingssonar f.h Veislur og vín ehf. kt: 640402-5710, dags. 29. maí 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs almennrar veisluþjónustu að Bryggjuvör 3, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.4 Dalvegi 16c, Kópavogi - efnalaug / fataleiga.

Lögð fram umsókn Guðbjargar S. Guðmundsdóttur f.h. Efnalaugarinnar Geysi ehf. kt: 550198- 2239, dags. 5. júní 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs efnalaugar og fataleigu að Dalvegi 16c, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

5.1.5 Dalvegi 26, Kópavogi - vélaviðgerðarverkstæði.

Lögð fram umsókn Sigurðar Vilhjálmssonar f.h. Vélaverkstæðis J.S. ehf. kt: 491001-2750, dags. 4. júní 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélaverkstæðis að Dalvegi 26, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

5.1.6 Digranesvegur 51, Kópavogi - mötuneyti í framhaldsskóla.

Lögð fram umsókn Katharínu S. Snorradóttur f.h. Matur og músík sf. kt: 580402-4960, dags. 7. júní 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs mötuneytis og smásöluverslunar í Menntaskólanum í Kópavogi, Digranesvegi 51. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt.

5.1.7 Garðatorg, Garðabæ - húðflúrstofa.

Lögð fram umsókn Sigurbjargar Björnsdóttur kt: 301254-3939, dags. 6. júní 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs húðflúrstofu að Garðatorgi, Garðabæ. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um bættan frágang á gólfi í vinnurými.

5.1.8 Hamraborg 20A, - söluturn með matvöruvinnslu.

Lögð fram umsókn Sigurðar Péturssonar, f. h. Söluturnsins Rebba, kt 580602 2150, dags. 19. júní 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns með samlökugerð að Hamraborg 20A. Einnig er sótt um tóbakssöluleyfi. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt.

5.1.9 Helluhraun 16, Hafnarfirði - verslun með byggingavörur.

Lögð fram umsókn TV fjárfestingafélagsins f.h. Húsasmiðjunnar h.f. kt: 520171-0299, dags. 16. apríl 2002, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs byggingavöruverslunar að Helluhrauni 16, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

5.1.10 Hlíðasmári 14, Kópavogi - tannlæknir.

Lögð fram umsókn Elvu Bjarkar Sigurðardóttur f.h. Tannbjörg ehf. kt: 680601-2160, dags. 14. maí 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðarsmára 14, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára að lokinni fullnaðarúttekt heilbrigðisfulltrúa og með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

5.1.11 Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði - fiskverkun.

Lögð fram umsókn Hafþórs Jónssonar f.h. Hafdals ehf. kt: 560192-2749, dags. 14. júní 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði. Endurnýjun. Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

5.1.12 Hvaleyrarbraut 24, Hafnarfirði - fiskverkun.

Lögð fram umsókn Gunnars Ólafssonar f.h. Portfisks ehf. kt: 701096-2079, dags. 25. mars 2002, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs fiskverkunar að Hvaleyrarbraut 24, Hafnarfirði. Ennfremur lagt fram afrit af símskeyti til fyrirtækisins frá 12.06.2002. Endurnýjun. Frestað og óskað skýringa á ólykt frá starfseminni.

5.1.13 Kaldársel, Hafnarfirði - sumarbúðir.

Lögð fram umsókn Friðriks Z. Hilmarssonar f.h. stjórnar KFUM og K, vegna Sumarbúða Kaldársels kt: 480883-0209, dags. 11. júní 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sumarhúða fyrir börn 6-12 ára að Kaldárseli ofan Hafnarfjarðar. Eigendaskipti. Starfsleyfi samþykkt til 1. september 2002.

5.1.14 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfirði - fiskbúð /nýlenduvörubúð.

Lögð fram umsókn Ingvars Þ. Gunnarssonar f.h. Vaðlavíkur ehf. kt: 611292-2529, dags. 29. maí 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar /nýlenduvöruslunar að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.15 Sjávangata 21, Bessastaðahreppi - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Sigrúnar R. Skúladóttur f.h. Hárkastalans kt: 040965-5059, dags. 16. maí 2002, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Sjávangötu 21, Bessastaðahreppi í tengslum við heimili sitt. Endurnýjun. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

5.1.16 Smiðjuvegur 4a, Kópavogi - járn-, ál- og stálsmiðja.

Lögð fram umsókn Guðjóns R. Jónssonar f.h. Vélaverkstæði Guðjóns kt: 690502-2240, dags. 15. júní 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélaverkstæðis að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

5.1.17 Smiðjuvegur 7, Kópavogi - vinnsla á glerplötum.

Lögð fram umsókn Guðmundar Grímssonar f.h. Íspan ehf. kt: 560869-0109, dags. 21. maí 2002, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs verksmiðju með skurð og vinnslu á glerplötum að Smiðjuvegi 7, Kópavogi. Endurnýjun. Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

5.1.18 Strandgata 11, Hafnarfirði - skemmtistaður.

Lögð fram umsókn Steinars Pálmasonar f.h. Rekstrarfélagsins Skólabraut kt: 501001-2520, dags. 23. maí 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skemmtistaðar án matsölu að Strandgötu 11, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

5.1.19 Tjarnarbraut 30, Hafnarfirði - leikskóli.

Lögð fram umsókn Hafnarfjarðarbæjar f.h. Leikskólans við Hörðuvelli kt: 590169-7579, dags. 15. maí 2002, þar sem sótt er leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Tjarnarbraut 30, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

5.1.20 Vesturgata 32, Hafnarfirði - járnvöruverslun með minni háttar efnavöru.

Lögð fram umsókn Hannesar Sigurgeirssonar f.h. Steinsteypunnar ehf. kt: 480794-2149, dags. 23. maí 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildsölu á vörnetum, flísalími og vörum tengdum múrverki að Vesturgötu 32, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt til 4 ára

5.1.21 Vesturvör 8, Kópavogi - félagsmiðstöð.

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar vegna félagsmiðstöðvar fyrir börn kt: 700169-3759, dags. 12. júní 2002, þar sem sótt er um leyfi fyrir siglingaklúbb fyrir börn á aldrinum 8-12 ára við Vesturvör 8, Kópavogi. Endurnýjun.
Starfsleyfi samþykkt fyrir júní og júlí 2002.

5.2 Umsagnir.

5.2.1 Bryggjuvör 3, Kópavogi - Veislur og vín ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 11. júní 2002, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ásgeirs Helga Erlingssonar kt: 220262-2199 sem sækir um veitingaleyfi fyrir Veislu og vín ehf. veislupjónustu kt: 640402-5710, Bryggjuvör 3, Kópavogi.
Jákvæð umsögn samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa

6. Daggæsla að Borgarholtsbraut 59, Kópavogi.

Lagt fram bréf Lilju Óladóttur, Funalind 7, Kolbrúnar Sigurðardóttur, Skólagerði 40, Ástu Hjalmtýsdóttur, Borgarholtsbraut 59 og Sigurðar Sigurðssonar Borgarholtsbraut 59. dags. 6. júní 2002, þar sem óskað er eftir leyfi til daggæslu að Borgarholtsbraut 59, Kópavogi.
Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd telur að þar sem ekki verði um daggæslu barna í tengslum við heimili að ræða verði starfsemin að fullnægja kröfum um leikskóla eftir því sem við á og umsækjandi að afla tilskilins leyfis bygginganefndar Kópavog áður en heilbrigðisnefnd getur tekið erindið til afgreiðslu."

7. Starfsáætlun heilbrigðisnefndar

Ákveðið að reglulegir fundir nefndarinnar verði að jafnaði síðasta mánudag í hverjum mánuði en júlí verði sumarleyfismánuður.
Lögð fram drög að starfsáætlun heilbrigðisnefndar næstu tvö árin.
Frestað til næsta fundar.

8. Mat á umhverfisáhrifum.

8.1 Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Álftanesvegi.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 22. maí s. l. þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum tvöföldunar Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Álftanesvegi..

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

*„Heilbrigðisnefnd telur nauðsyn á boðuðum framkvæmdum m.a. vegna núverandi hljóðvistar-
mála en gerir athugasemdir við matsskýrslu. Gerður er fyrirvari við túlkun skýrsluhöfunda á því hvert sé viðmiðunargildi reglugerða varðandi viðunandi ástand (sbr. t.d. bls 6 í viðauka*

B3) frá umferð í íbúðabyggð. Í kafla 6.2 Hljóð í matsskýrslu er vísað til reglugerðar um hávaða nr. 933/1999. Í stað þess að miða við leiðbeinandi- og viðmiðunargildi í reglugerð (L_{Aeq} 45 og 55 dB) er vísað beint til svokallaðra frávikstilvika I í viðauka, og þau ranglega sögð vera viðmiðunargildi reglugerðarinnar (L_{Aeq} 65 dB). Heilbrigðiseftirlitið telur að hvergi í matsskýrslu hafi verið sýnt fram á að ekki sé hægt að halda hávaða innan leiðbeiningargilda reglugerðarinnar (L_{Aeq} 45 dB) eða viðmiðunargilda hennar (L_{Aeq} 55 dB), sbr. töflu 1 í reglugerð.”

8.2 Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Álftanesvegi að Ásbraut.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 22. maí s. l. þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum tvöföldunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð.

„Heilbrigðisnefnd telur nauðsyn á boðuðum framkvæmdum m.a. vegna núverandi hljóðvistarmála en gerir athugasemdir við matsskýrslu. Óskað var eftir að á hönnunarstigi yrðu ýmsir kostir kannaðir vegna mótvægisáðgerða til að draga úr hávaða. Var þá vísað til hönnunar á Reykjanesbraut og hljóðdeyfandi áðgerða við brautina eða á nærliggjandi húsum (gluggabúnaði). Almennt hafa hljóðvistarmál fengið góða umfjöllun í matsskýrslu. Þó verður að hafa fyrirvara við túlkun skýrsluhöfunda um það sem telst vera viðunandi hljóðstig s.s. á bls 71.”

9. Mál til kynningar.

9.1 Umferðarhávaði við Skógarhjalla.

Lagt fram erindi bæjarverkfræðings Kópavogsbæjar frá 20. maí 2002 varðandi erindi íbúa að Skógarhjalla 23 um umferðarhávaða.

9.2 Stjórnsýslukæra vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Reykjavíkurlflugvöll.

Lögð fram bókun bæjarráðs Kópavogs þann 20. júní s.l þar sem óskað er umsagnar um erindi Umhverfissráðuneytis frá 18. júní s.l. varðandi stjórnsýslukæru frá Flugskóla Íslands og Flugmálastjórn vegna ákvörðunar umhverfis-og heilbrigðisstofu Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis fyrir Reykjavíkurlflugvöll 15. janúar 2002.

10. Önnur mál.

10.1 Fundargerð Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi.

Lögð fram fundargerð 22. stjórnarfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 20. júní 2002.

10.2 Leiðtogafundur um sjálfbæra þróun.

Lagt fram bréf Utanríkisráðuneytis frá 13. júní 2002 um kynningarfund vegna væntanlegs leiðtogaffundar Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg 26. ágúst til 4. september 2002.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Árni Sverrisson
Loftur Þór Pétursson
Gestur Pétursson

Sigurgeir Ólafsson
Jón Bjarni Þorsteinsson
Andrés Pétursson